



Viðtakandi: Íþróttá- og útilífsráð

Reykjavík, 24. júní 2026

MIR26060021

TILLAGA AÐ KORTLAGNINGU AÐSTÖÐUMÁLA OG FJÁRFRAMLAGA TIL ÍÞRÓTTAFÉLAGA

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar í íþróttá- og útilífsráði um kortlagningu aðstöðumála og fjárframlaga til íþróttafélaga

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Viðreisnar í íþróttá- og útilífsráði leggja til að fela sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs að kortleggja aðstöðumál og fjárframlög til íþróttafélaga. Er óskað eftir því að sviðsstjóri vinni að umræddri kortlagningu í samvinnu við starfsmenn menningar- og íþróttasviðs, Íþróttabandalags Reykjavíkur, eignasjóðs Reykjavíkurborgar og aðra þá aðila sem búa yfir nauðsynlegum upplýsingum varðandi aðstöðumál og fjárframlög til íþróttafélaga sem starfa innan Reykjavíkurborgar.

Sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs verði falið að leggja fram skýrslu með helstu niðurstöðum eigi síðar en 25. ágúst nk.

Greinargerð

Tillaga þessi er í samræmi við áherslur meirihlutans um að kortleggja aðstöðumál íþróttafélaga og fjárframlög til þeirra svo forgangsraða megi verkefnum og tryggja jafnræði milli félaga.

Ljóst er að kortlagning á aðstöðumálum og fjárframlögum er augljóst fyrsta skref og grundvallarforsenda þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir um framtíðar forgangsröðun í málaflokknum.